



Lúxemborg, 28. mars 2023

## FRÉTTATILKYNNING 03/2023

**Dómur í máli E-4/22 *Stendi AS og Norlandia Care Norge AS gegn sveitarfélaginu Osló***

### **HEIMILT AÐ TAKMARKA ÞÁTTTÖKU Í ÚTBOÐSFERLI VEGNA OPINBERRA SAMNINGA UM STARFRÆKSLU HJÚKRUNARHEIMILA AÐ ÁKVEDNUM SKILYRÐUM UPPFYLLTUM**

Með dómi sem kveðinn var upp í dag veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit um spurningar frá Héraðsdómi Oslóar (*Oslo tingrett*) varðandi túlkun 31., 32., 36. og 39. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES“) og tilskipun 2014/24/ESB um opinber innkaup („tilskipunin“).

Málið sem er til meðferðar hjá landsdómstólnum varðar útboðsferli sveitarfélagsins Oslóar vegna kaupa á þjónustu í tengslum við legupláss á hjúkrunarheimili. Þátttaka í útboðsferlinu er takmörkuð við ákveðin félög, sem í Noregi ganga undir heitinu „*ideelle organisasjoner*“. Stendi AS og Norlandia Care Norge AS, sem eru hagnaðardrífir fyrirtæki, geta því ekki tekið þátt.

Fyrsta spurning landsdómstólsins laut að því hvort samningar líkt og þeir sem væru til meðferðar hjá þeim dómstóli teldust vera samningar sem varða „þjónustu“ og féllu því innan gildissviðs tilskipunarinnar. EFTA-dómstóllinn tók fram að heilbrigðisþjónusta sem veitt væri gegn endurgjaldi félli innan gildissviðs ákvæða 36. gr. EES um þjónustufrelsi. Heilbrigðisþjónusta hætti ekki að vera „þjónusta“ í skilningi 37. gr. EES vegna þess að hún væri greidd af opinberu heilbrigðiskerfi eða kerfi þar sem bætur eru greiddar í fríðu. Að framansögðu virtu, taldi EFTA-dómstóllinn að opinber samningur, fjárhagslegs eðlis, sem varðaði starfrækslu langtíma leguplássa á hjúkrunarheimili, í aðstæðum líkt og þeim sem væru til meðferðar hjá landsdómstólnum, teldist samningur sem varðaði veitingu þjónustu í skilningi 9.-liðar 1. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar.

Með annarri spurningu sinni, leitaði landsdómstóllinn svara við því hvort starfsemi sem varðaði heilbrigðisþjónustu sem veitt væri með þvingun, líkt og væri til meðferðar hjá landsdómstólnum, félli innan undantekningar í 39. gr. EES, sbr. 32. gr. EES, um meðferð opinbers valds. Samkvæmt norskum rétti, hefur heilbrigðisstarfsfólk beina heimild til að veita heilbrigðisþjónustu með þvingun. EFTA-dómstóllinn taldi að sú starfsemi að starfrækja hjúkrunarheimili, í aðstæðum líkt og þeim sem væru til meðferðar hjá landsdómstólnum, teldist ekki vera beinlínis og sérstaklega tengd meðferð opinbers valds, jafnvel þótt heilbrigðisþjónusta kynni að verða veitt með þvingun.

Þriðja spurning landsdómstólsins varðaði hvort 31. og 36. gr. EES og 74.-77. gr. tilskipunarinnar kæmu í veg fyrir landslöggjöf sem veitti samningsyfirvöldum heimild til að takmarka þátttökurétt annarra en „*ideelle organisasjoner*“ í útboðsferli vegna félagsþjónustu og annarrar sértækrar þjónustu. EFTA-dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að túlka yrði 74.-77. gr. tilskipunarinnar svo að þær kæmu ekki í veg fyrir landslöggjöf sem takmarkaði þátttökurétt við „*ideelle organisasjoner*“ í útboðsferli, sem fæli í sér útboð á samkeppnisgrundvelli, vegna opinbers samnings varðandi veitingu félagsþjónustu og annarrar sértækrar þjónustu sem kæmi fram í 14. viðauka við tilskipunina, að uppfylltum tveimur skilyrðum. Í fyrsta lagi, að umgjörð starfseminnar, sem kæmi fram í lögum og samningum,

yrði í raun að grundvallast í meginreglum um algildi og samstöðu, sem væru einkenni félagslegs velferðarkerfis, sem og hagkvæmni og hentugleika, og stuðla að félagslegum tilgangi og markmiðum um samstöðu og hagkvæmni, sem kerfið byggðist á, með skilvirkum hætti. Í öðru lagi, að meginreglan um gagnsæi, í 75. og 76. gr. tilskipunarinnar, væri virt.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: [www.eftacourt.int](http://www.eftacourt.int).

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.